

enda gæti gagnstæður skilningur orðið til hins mesta meins í framkvæmdinni.

Nú á áritun iðnráðsfulltrúa að vera sönnun þess, að námssamningurinn sé í lagi að því er tekur til iðnfélaganna. Hún þarf því að vera jákvæð.

Rétturinn verður að lita svo á, að námssamningur sá, er hér liggur fyrir, hafi ekki fengið fullnægjandi áritun iðnráðsfulltrúans skv. 1. gr. iðnnámslaganna, og telur því, að stefndum hafi bæði með tilliti til þessa, svo og vitneskju þeirrar, er hann hafði um sérsamþykkt sveinafélagsins um, að námssamningar skyldu ekki gerðir sem stæði, verið heimilt að neita um áritun sína á samninginn.

Verða úrslit málsins því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, lögreglustjórinn í Reykjavík, Jónatan Hallvarðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Ormssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 122/1937. Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Helga Eiríkssyni og Einari Eiríkssyni

(Lárus Jóhannesson).

Innsetning í veitingahúsnaði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 18. október f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og

stefndu, Helga Eiríkssyni og Einari Eiríkssyni, synjað um umráðarétt yfir veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar“ Hafnarstræti 15 hér í bæ og stefndu dæmdir til þess in solidum að greiða málskostnað fyrir fógetaréttinum og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndu hafa hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti.

Krafa stefndu fyrir fógetaréttinum, sem tekin var þar til greina og þeir halda við hér fyrir dómi, hljóðar um það, að þeir verði settir inn í umráðarétt yfir veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar“. Þrátt fyrir þetta orðalag er um það eitt sakarefni að tefla í málinu, hvort áfrýjanda hafi verið rétt að meina stefndu að hafa um hönd veitingar á greindum veitingastað, en hinsvegar er ekki beiðzt úrlausnar á því, hvort stefndu sé gagnvart eiganda hússins nr. 15 við Hafnarstræti heimil umráð húsnæðis, enda er húseigandinn ekki aðili máls þessa.

Um stefnda Einar Eiríksson er það ágreiningslaust í málinu, að hann hafi ekki veitingaleyfi. Getur honum þegar af þessari ástæðu ekki orðið fengin í hendur umráð yfir „Reykjavíkur Bar“ til veitingasölu.

Að því er varðar stefnda Helga Eiríksson, þá er það upplýst, að honum var með samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 21. ágúst 1930 heimilað að reka veitingasölu í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti. Ennfremur er þess að geta, að stefndur Helgi gefur sig við ölgerð, og er talið, að hann hafi selt mikinn hluta ölframleiðslu sinnar á „Reykjavíkur Bar“. Loks verður samkvæmt málflutningnum að ætla, að stefndur Helgi hafi ásamt stefnda Einari notið arðs af sjálfri starfrækslu veitingastaðar þessa. Með skírskotun til

atriði þeirra, er hér að framan greinir, ber að telja, að oftnefndur veitingastaður hafi verið rekinn í skjóli veitingaleyfis stefnda Helga og á hans ábyrgð.

Er þá næst athugandi, hvort heimild sú, sem stefndi Helgi hefir haft til veitinga í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti, hafi verið með löglegum hætti af honum tekin.

Samkvæmt 77. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur má einungis stunda veitingasölu í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórn hefir samþykkt. Í greininni segir ekki berum orðum, að bæjarstjórn geti afturkallað samþykki, sem hún hefir veitt til veitingasölu í tilteknu húsnæði, en telja verður allt að einu, að bæjarstjórn sé slík afturköllun heimil, ef sýnt er, að á viðkomandi veitingastað sé ekki fullnægt þeim lágmarkskröfum, sem gera verður um góða reglu og háttsemi, en dómstólarnir eiga fullnaðarúrlausn þess máls, hvort ástæður bæjarstjórnar fyrir afturköllun samþykkis á húsnæði til veitinga hverju sinni séu gildar.

Í málinu liggur fyrir skýrsla lögreglumannanna Erlings Pálssonar og Sveins Sæmundssonar um veitingasöluna á „Reykjavíkur Bar“, og áhrif þau, sem veitingastaður þessi samkvæmt reynslu lögreglunnar hefir á umhverfi það, sem hann er í. Lögreglumennirnir benda fyrst á það, að oftnefndur veitingastaður sé í húsi, sem liggur að einni aðalumferðagötu að höfninni og að mikill fjöldi þeirra manna, sem koma frá höfninni eða fara þangað, eigi leið framhjá „Reykjavíkur Bar“. Veitingastað þennan sæki að staðaldri þrír flokkar manna. Í fyrsta lagi úttaugaðir drykkjumenn, í öðru lagi menn, sem eru undir áhrifum áfengis, en myndu ekki koma þangað algáðir, og í þriðja lagi leynivinsalar, sem

sæti lagi að selja gestum „Barsins“ og þeim, sem fram hjá fara, áfengi. Þá segja lögreglumennirnir, að drykkjuræflar hafi notast við „Reykjavíkur Bar“ sem nokkurskonar dagheimili og hangi þá ýmist í veitingastofunni eða á steinstéttinni fyrir utan, ölvaðir og illa til hafðir. Hafi lögreglunni borizt fjöldi kvartana frá ýmsum borgurum bæjarins yfir því, að gestir oftnefnds veitingastaðar sitji fyrir mönnum og sníki af þeim peninga. Stundum sé kvartað yfir því, að menn þessir geri sig líklega til að beita ofbeldi, ef vegfarendur sinna ekki bónum þeirra um skildinga. Ennfremur hafi oft verið hávaðasamt inni í veitingastofunni og ryskingar þar alltíðar, svo að lögreglan hafi iðulega orðið að skakka leikinn og flytja þaðan ölóða menn. Í málinu liggur fyrir réttarskýrsla nokkurra vitna um hátternið á veitingastað þessum 2. 3., 6. og 7. maí f. á. Segja vitnin, að þá hafi verið mjög margt manna í veitingastofunni, t. d. telur eitt vitnið, að gestir hafi verið um 30 eitt kvöldið. Eru vitnin á einu máli um það, að flestir gestirnir hafi verið áberandi ölvaðir og haft í frammi hávaða og drykkjulæti. Margir gestanna hafi neytt áfengis, sem þeir höfðu með sér, inni í veitingastofunni. Eitt vitnið segir, að sumir gestanna hafi gengið á milli manna og sníkt öl og peninga. Svo sem frá er skýrt í úrskurði fógetaréttarins, var nefndum veitingastað lokað þann 18. júní f. á. samkvæmt ákvæðum lögregluréttardóms, sem kveðinn var upp yfir stefnda Einari Eiríkssyni. Sótti þá Hálfðán nokkur Halldórsson til bæjarráðs um að mega reka þar veitingasölu. Bréf þetta sendi bæjarráð heilbrigðisnefnd til álita, og lætur heilbrigðisnefnd svo um mælt í fundargerð sinni 9. júlí f. á., að húsnaði þetta fullnægi að visu út af fyrir sig

kröfum þeim, sem gera verður frá heilnæmilegu sjónarmiði, en telur hinsvegar, að starfrækslu veitingastaðarins hafi verið þann veg háttað, að heilsutjón og siðspillingu hafi af því leitt. Loks telur nefndin ástæðu til að ætla, að umsækjandi ráðgeri að reka veitingastaðinn með sama sniði og áður. Af framangreindum gögnum og skýrslum virðist ljóst, að háttsemin á veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar“ í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti hér í bæ hafi horft til ómenningar, og að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi fyrir þær sakir haft heimild til að taka aftur samþykki sitt til þess, að veitingar væru þar með höndum hafðar.

Af hálfu stefnda Helga Eiríkssonar er því nú haldið fram, að samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 21. ágúst 1930 til veitingasölu í húsnæði þessu hafi ekki verið fallið úr gildi gagnvart sér á þeim tíma, sem hér er um að ræða, og þótt bæjarráðið hafi synjað Hálfdáni Halldórssyni um leyfi til að stunda veitingar á oftnefndum veitingastað þann 19. júlí f. á., svo sem nánar er frá skýrt í úrskurði fógeta, þá hafi bæjarráðið ekki þar með tekið afstöðu til þeirra manna, sem áður fengust við veitingar á þessum stað. Á þessa skoðun stefnda Helga verður ekki fallið. Við samanburð á áðurnefndri fundargerð heilbrigðisnefndar og synjunarbréfi bæjarráðs til Hálfdánar virðist ljóst, að tilætlunin hafi verið að taka af veitingar þær, sem verið höfðu í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti, enda styðst þessi skilningur við upplýsingar, sem fram hafa komið eftir uppkvaðningu úrskurðar fógeta, og þá einkum við ályktun bæjarstjórnarinnar frá 21. október f. á., þar sem samþykki er lagt á gerðir bæjarráðs í þessu efni.

Samkvæmt þessu ber að telja, að áfrýjanda hafi

verið rétt að meina stefnda Helga að stunda áfram veitingasölu í húsinu nr. 15. við Hafnarstræti, og eru lyktir málsins því þær, að hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og að synja ber um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir fógetaréttinum og hæstarétti falli niður.

Það athugast, að fógti hefir látið undan fallast að úrskurða um málskostnaðarkröfu aðilja fyrir fógetaréttinum, sjá 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og skal hin umbeðna innsetningargerð ekki fram fara.

Málskostnaður fyrir fógetarétti og hæstarétti fali niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 5. okt. 1937.

Helgi Eiríksson, veitingamaður hér í bæ, hefir með beiðni ódagsettri farið þess á leit, að hann yrði settur inn í umráðarétt yfir veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar“, Hafnarstræti 15 hér í bænum, en veitingastað þessum var lokað af lögreglunni þann 18. f. m. Var mál þetta fyrst tekið fyrir hér í fógetaréttinum 20. s. m., en í réttarhaldi daginn eftir gekk Einar Eiríksson inn í þetta mál, þar sem hann taldi sig hafa hagsmuna að gæta í sambandi við það.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, sem einnig lét mæta í málinu, mótmælti því, að umbeðin gerð færi fram, og lögðu aðilar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Tildrög þessa máls eru upphaflega þau, að með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 18. júní þ. á., var gerðarbeiðandinn Einar Eiríksson dæmdur í 300 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaga nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930, svo og sviptur veitingaleyfi í 3 mánuði. Þann sama dag mun

veitingahúsinu „Reykjavíkur Bar“ hafa verið lokað af lögreglunni.

Þann 23. sama mánaðar sótti maður að nafni Hálf dán Halldórsson um leyfi til bæjarráðs til þess að mega nota veitingastaðinn „Reykjavíkur Bar“ til almennrar veitinga-sölu, þar sem hann hefði í hyggju að taka húsnæðið á leigu. Þann 30. s. m. gefur rannsóknarlögreglan í Reykjavík lög-reglustjóranum í Reykjavík skýrslu um starfsemi veitinga-staðarins „Reykjavíkur Bar“ og virðist hún í skýrslu sinni telja ýmsa ágalla á því, að í húsnæði þessu verði reknar áframhaldandi veitingar.

Þann 9. júlí þ. á. er því næst fundur haldinn í heilbrigðis-nefnd Reykjavíkur, og hafði nefndin öll, ásamt heilbrigðis-fulltrúa, skoðað húsnæðið og telur hún, að það fullnægi þeim kröfum, sem ástæða sé til að gera frá heilbrigðislegu sjónarmiði, en telur ýmsa aðra ágalla á rekstri veitinga-hússins og leggur það til, að synjað verði um samþykki á veitingastað þessum. Er Hálf dán Halldórssyni því næst af bæjarráði með bréfi dags. 19. sama mánaðar synjað um leyfi til að opna veitingastofu í húsinu nr. 15 við Hafnar-stræti, þar sem áður var „Reykjavíkur Bar“. Var veitinga-staður þessi því næst lokaður í 3 mánuði frá uppkvaðningu lögregluréttardómsins, eða til 18. f. m., en þá opnuðu gerð-arbeiðendur húsnæðið á ný, sem þegar var lokað aftur af lögreglunni.

Gerðarbeiðendur hafa haldið því fram, að lokun lög-reglustjórans á veitingahúsinu „Reykjavíkur Bar“ þann 18. f. m. hafi verið með öllu ólögleg. Flytja þeir það fram máli sinu til stuðnings, að synjun bæjarráðs á veitingaleyfi til handa Hálf dán Halldórssyni í þessu húsnæði sé aðeins beint gegn honum, en beri ekki að skilja þannig, að það sé synjun á notkun húsnæðisins þeim til handa, er áður hafi haft réttinn, enda hafi hvorki þeim né húseiganda verið tilkynnt nokkuð í þá átt. Auk þess telja þeir, að bæjar-stjórn, og því síður bæjarráð, geti ekki afturkallað leyfi, sem veitt sé skilyrðislaust, um að hafa veitingar á hendi á ákveðnum stað, á meðan sá staður uppfylli þær heilbrigðis-kröfur, sem gerðar verði með réttu.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík hefir því verið haldið fram, að samkv. tillögu heilbrigðisnefndar og rann-sókn lögreglunnar hafi bæjarráð synjað um leyfi til að opna

veitingastofu aftur í Hafnarstræti 15 (Reykjavíkur Bar), og sé það alger synjun fyrir hvern sem er, enda sé það fullkomlega löglegt samkv. landslögum.

Það verður að líta svo á samkv. hinum framlögðu skjölum, að bæjarráð hafi aðeins synjað Hálfðáni Halldórssyni um leyfi til að opna veitingastofu í Hafnarstræti 15, en ekki tekið afstöðu til þeirra manna, er áður höfðu veitingar á þessum stað. Verður því að telja, að samþykki bæjarstjórnar 21. ágúst 1930 um, að veitingar meggi reka í húsnæði þessu, sé ekki fallið úr gildi gagnvart gerðarbeiðendum við þessa ráðstöfun, enda verður bréf borgarstjórans í Reykjavík til lögreglustjórans, dags. 21. f. m., ekki talin full sönnun fyrir hinu gagnstæða. Það kemur því hér ekki til athugunar, hvort bæjarstjórn eða bæjarráð geti afturkallað hið umgetna veitta leyfi á þessum stað. Af þessu og því, sem fyrir liggur í máli þessu, verður ekki talið, að fyrirskipun lögreglustjórans í Reykjavík um lokun á veitingastaðnum „Reykjavíkur Bar“ 18. f. m. hafi getað byggzt á samþykkt bæjarráðs.

Það verður að teljast upplýst, að húsnæðið í Hafnarstræti 15, „Reykjavíkur Bar“, hafi gerðarbeiðendur haft á leigu og hafi enn þá. Dómnum á réttarskj. nr. 3 hefir þegar verið fullnægt að því leyti, að húsnæðið hefir verið lokað hina tilskildu 3 mánuði, og engar veitingar þar farið fram, og var dómnum að þessu leyti þegar fullnægt 18. f. m., en þann dag hófu gerðarbeiðendur veitingar á ný.

Það er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til þess, að gerðarbeiðendur hafi gert sig brotlega við landslög eftir að lokunartíminn samkv. lögregluréttardómnum var útrunninn, þannig að það heimilaði lögreglustjóra að fyrirskipa lokun á húsnæðinu á ný.

Verður því samkv. kröfu gerðarbeiðenda að heimila þeim umráð hins umrædda húsnæðis.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðenda.